

Skapandi Tónlist

Kennarar: Ólafía Linberg Jensdóttir

Lýsing

Viltu skapa og flytja tónlist með öðrum?

Það verður farið í gegnum mismunandi stíla tónlistar og skoðað hvernig við getum skapað okkar eigin eða lært verk annarra og flutt það á okkar eigin skapandi hátt. Við munum kynnast spuna og eiginleikum og möguleikum raddarrinnar. Það verður mikil áhersla á samvinnu og hvernig við greinum og skoðum eigin sköpunarverk og annarra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Markmið

Er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á að skapa/spinna sínar eigin laglínur og öðlist meiri þekkingu og skilning á eigið hljóðfæri. Að nemendur geti unnið tónverk/hljóðverk frá fæðingu hugmyndar og til flutnings.

Námsefni

Hlustunarefni úr ýmsum áttum.

Kennsluaðferðir

Spuni, umræður, samvinna, hlustun.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá samvinnu, frumkvæði og þátttöku í tíma.

Tónmennt fyrir 8.- 10. bekk - Tónmennt

- Greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði.
- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju.
- Greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu.
- Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk.